

# LÍKINGAR OG TÁKNMYNDIR

## Sýning Jóns Óskars að Kjarvalsstöðum

Jón Óskar.  
Sýning að Kjarvalsstöðum.

Það hafa orðið breytingar á námsvenjum ungra íslenskra myndlistarmanna hin síðari ár. Fyrir tæpum áratug héldu þeir í hópum til Hollands, e.t.v. með stuttum stans í Þýskalandi, en á undanförunum 3-4 árum hafa æ fleiri myndlistarmenn haldið til Bandaríkjanna, einkum til New York, til framhaldsnáms. Nýir straumar hafa þar með blandast þeim sem fyrir voru, sem er allt af hinu góða. Nú þegar er t.d. hægt að tala um bæði ameríska „línu“ og evrópska í málverki yngri manna, en væntanlega gefst tækifæri til spjalls um þann greinarmun síðar.

### Bandarískt svipmót

„Jón Óskar“ (nei, ekki höfundur „Kynslóðar kalda stríðsins“) er bráðefnilegur ungur myndlistarmaður í framhaldsnámi í New York, en sýnir nú einn síns liðs að Kjarvalsstöðum fyrsta sinni.

Oftugt við marga aðra af sömu kynslóð er hann ekki upptekinn af hinu „nýja“ málverki, þótt ekki sé loka fyrir það skotið að það hafi ýtt undir óþvingað handbragð hans, heldur af möguleikum ljósmyndarinnar, einni og sér, eða í samfloti með öðrum myndrænum þáttum.

I heild er sterkt „amerískt“ svipmót með myndum Jóns Óskars, og það í besta skilningi. Þær eru miklar um sig og metnaðarfullar, hressilega uppbyggðar og lausar við allar mála-



Jón Óskar — „Clarification“.

miðlanir. Og einhvers staðar út við ystu sjónarrönd er sá ættbálkur amerískra myndlistarmanna sem leitt hefur í notkun ljósmynda í myndlist, allt frá Rauschenberg, gegnum Warhol, til Roberts Longo.

I verkum þessara listamanna er ljósmyndin hvorki notuð til beinnar skrásetningar né sem ljóðrænn minnispunktur, eins og tíðkaðist meðal margra konsept listamanna.

### Hegðunarmynstur í samfélagi

Hún er þeim hráefni með

vissu augnabliki, eða portrett af þessari umdeildu konu, heldur fyrst og fremst eitt af mörgum nútíma „íkonum“, boðberi og tákn amerískra yfirstéttarviðhorfa, og vaki margvíslegra tilfinninga með amerískum almenningi.

I gríðarstórum ljósmyndum sínum, stökum eða í syrpu, ósnertum eða yfirmáluðum og breyttum, er Jón Óskar einnig að fjalla um viðhorf í nútímasamfélagi, hegðunarmynstur í sama félagi, fremur en einkanlega reyntu. Syrpan „Boys“ (19-38) gæti þó verið undanskilin, svo mjög sem hún vegur salt milli hins einkanlega og opinbera. Sú syrpa virðist einnig súa eina á sýningunni sem byggð er á fundu ljósmyndaefni. Aðrar syrpu Jóns Óskars virðast hafa sérstaklega tekið og komþónerað ljósmyndaefni að uppistöðu, og þá fyrst og fremst myndþrennan „Clarification“.

### Andstæður og inntak

Hún sýnir þrjú höfuð sem hafa verið förduð og smurð svo þau virðast af einum og sama manni, en nánari skoðun leiðir í ljós að þau eru mismunandi. Er þetta fyrsti angí „fótó-installasjón“ tækninnar í íslenskri myndlist? Sú tækni gengur einmitt út á sviðsetningu og gagnvandaða ljósmyndun atvika eða hluta. Ljósmyndin varðveitir síðan þessa sviðsetningu og er listaverkið.

### Myndlist

### Aðalsteinn Ingólfsson

innbyggðri skírskotun til þjóðfélagsháttar og menningarlegra viðhorfa. Fyrir Warhol er ljósmynd af Jackie Onassis ekki aðeins skrásetning á

Andstæðurnar eiga að draga fram inntak verka Jóns Óskars. Aðeins með því að bera andlit nr. 1 saman við andlit nr. 2 og 3, fær andlit nr. 1 merkingu.

Skýrustu andstæðurnar er að finna í syrpu „New Gold Dream no. 3“, en þar standa ímyndir karlmanna í fullri stærð, ljósmyndaðar og endurunnar, við hlöð, eða réttara sagt, undir merki, tákna úr norrænni og keltneskri goðafræði.

### Sambandsleysi

Eg hef orð listamannsins sjálfs fyrir því að hér sé fjallað um sambandsleysi nútímamannsins við fortíð sína, og jafnframt um hugsunarlösa notkun nútíma valdsmanna á fornum táknum.

Sé þetta mergurinn málsins verður sá mergur hvorki auðlæsilegur úr samhenginu né sérstaklega frumlegur. Táknmyndir nútímamannsins, bæði í þeirri syrpu og „New Gold Dream“ (10-15), verða í höndum Jóns Óskars of almenns eðlis, og geta þar með þýtt allt og ekkert. Sama má eiginlega segja um hin fornu tákni, þau sveigjast tæplega í átt til þeirrar sértæku merkingar sem listamaðurinn vill gefa þeim, heldur vísa í allt aðrar áttir, aðallega til fortíðar.

Hér haldast sem sagt ekki alveg í hendur hið myndræna og hið hugmyndalega. En enginn frýr Jóni Óskari áráðis.

-AI.

## Norrænn músíkalskur samnefnari — ekki til

Tónleikar Íslensku hljómsveitarinnar í Bústaðakirkju 23. febrúar.  
Stjórnandi: Guðmundur Emilsson.  
Einleikari: Hlíf Sigurjónsdóttir.  
Einsöngvari: Sigríður Ella Magnúsdóttir, við píanó Anna Guðný Guðmundsdóttir.  
Efnisskrá: Johan Helmich Roman: Fíðlukonsert í d-moll; Albert Kranz/Edward Grieg: Norsk svíta; Carl Nielsen: Til Asali, Irmelin Rose; Jean Sibelius: Spánet þá vatnet, Sáif, sáif susa, Flickan kom ifrån sin álsknings möte; Haukur Tómasson: Torrek.

Yfirskrift tónleika Íslensku hljómsveitarinnar var að þessu sinni Frá Norðurlöndum. Öll verkin sem leik in voru á tónleikunum voru eftir tón-

### Tónlist

#### Eyjólfur Melsted

skáld borin og barnfædd á Norðurlöndum. Annað er þeim ekki sameiginlegt. Sett upp eftir tímaróð byrjaði efnisskráin á fíðlukonsert eftir Johan Helmich Roman. Svíum er smám saman að skiljast að þeir áttu áður fyrir gjaldgeng tónskáld, Roman Crusell og fleiri, en þeir voru ekkert tiltakanlega samskiptir, heldur skálduðu upp á alþjóðlega visu samkvæmt forskrift og stíl síns tíma. Leikur Hlífur Sigurjónsdóttur var frábær, sem og hinnar fálíðuðu en vel skipuðu strengjasveitar.

#### Smávegis þjóðlegheit

Það er í sjálfu sér skiljanleg áráttá að leita að öllu þjóðlegu, einkum hjá skáldum rómantikurinnar. Svo vill til að Edward Grieg heyjaði sér stundum efnivið meðal sveitamanna í Noregi. Þeim verkum sem hann á því byggði hampa norskir óspart og kalla Grieg þjóðlegan fyrir. Afar heppilegt þjóðlegum tilfinningamönnum til að fá breitt yfir það, að í tónsköpun sinni var þjóðhetjan að flestu leyti hrein-þýsk. Annars var þessi hálfgrautarlega svíta (eða á kannski að segja „patriotiske hyggemusikk“) á margan hátt vel leikin, hljómaði vel en hefði þolað meiri nákvæmni í leik.

#### Meiriháttar ljóðaflutningur

Að loknu hléi hófst þáttur þeirra Sigríðar Ellu Magnúsdóttur og Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur. Var samvinna þeirra með miklum ágætum. Fyrst komu lög Nielsens, Til Asali og Irmelin Rose, dönsk vegna þess að þau eru sungin við danskan kveðskap. Síðan komu þrjár af ljóðsöngvum Sibeliusar. Varla hefur nokkurt annað tónskáld komist í spor Sibeliusar — það sem hann skáldaði var finnsk músík, viðtekin og löggilt sem slík. Sigríður Ella fór frábærlega með bæði lög og texta. Proskuð rödd hennar fyllti kirkjuna, svo að manni fannst að glymði í veggjum hennar. Sem fyrr segir — frábær samvinna söngvara og pianista — sem sé meiriháttar ljóðaflutningur.

#### Fámennt en góðmennt

Torrek heitir nýtt verk eftir Hauk Tómasson, sem frumflutt var á tónleikum þessum. Mér sem fleirum hefur þótt Haukur efnilegur og bráðþroska. Nú brá svo við að hvorki fann ég haus ná sporð á tónsmíð Hauks. Helst fannst mér það samansafn af effekjum eins og menn notuðu gjarnan í tilraunum sínum til að ganga fram af fólki fyrir löngu síðan. En þær eggjar sem þá bitu eru farnar að sljóvgast nú. Eg fann við þessa fyrstu áheyrn lítið annað í verkinu en heldur kvikindislega samsett tónbil og línur handa spilurumum. Viðkvæmnisleg fíðlusóló undir lokin myndaði þó einhver tengsl við fyrri verk Hauks. Vera má hins vegar að þegar maður hefur hlustað á upptökuna frá tónleikunum nokkrum sinnum fái maður annan skilning á verkinu, en svona verkaði það við fyrstu kynni. Hljómsveitin held ég að hafi skilað Torreki óaðfínanlega. Þar má segja að við eigi máltækid gamla — „Fámennt en góðmennt“.

Titill tónleikanna, Frá Norðurlöndum, kann að hafa verið fundinn upp til að finna einhvern músíkalskan norrænan samnefnara. Hafi svo verið, er öruggt að það mistókst, enda slíkur samnefnari ekki til, sem betur fer. EM



Frá tónleikum Íslensku hljómsveitarinnar í Bústaðakirkju.

Fyrirliggjandi í birgðastöð

# Heildregnar pípur

Sverleikar: 1" – 10"  
Din 2448/1629/3 ST35



SINDRA  STÁL HF

Borgartúni 31 sími 27222